

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1994

VII

FORNLEIFASKRÁNING Í

RAUÐASANDSHREPPI

VESTURBYGGÐ

V-Barðastrandarsýslu


20. -26. ágúst 1994.

Guðmundur Ólafsson



FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1995 REYKJAVÍK



Rauðasandshreppur. Svæðið sem skráð var á er innan hringsins.

Forsíðumynd: Hluti af veggjahleðslum gamla bæjarins í Vatnsdal.

© 1995 Guðmundur Ólafsson

Rit þetta má afrita, að hluta eða í heild, enda sé það gert með skriflegu leyfi höfundar.

Efnisyfirlit

SKRÁNING FORNLEIFA Í RAUÐASANDSHREPPI.	4
Aðdragandi	4
Ferðasaga	5
SKRÁÐAR MINJAR Í RAUÐASANDSHREPPI	9
BREIÐAVÍK	10
28. Verstöð	11
HNJÓTUR	18
20. Uppsátur	18
21. Þurrabúðarkot?	19
22. Múlahús	21
26. Kálgarðar	22
27. Stekkur.	23
HVALLÁTUR	24
15. Hóllinn Kárni,	24
16. Kúlureitur. Dys?	25
17. Verstöð á Brunnum	25
18. Verstöð á Látranesi	28
19. Sel á Seljadal	31
29. Refagildra	36
30. Sauðabyrgi	36
31. Básar, eyðibýli?	37
SAUÐLAUKSDALUR	38
1. Bæjarstæði	39
2. Íbúðarhús	39
3. Fjánhús og hlaða	40
4. Akurgerði	40
5. Sauðlauksdalskirkja	41
6. Kirkjugarður	42
7. Útihús	42
8. Útihús	43
9. Vörslugarður	44
10. Sandvarnagarðurinn "Ranglátur"	44
11. Traðir	45
12. Þurrabúð, "Leifar"?	45
13. Móhús	46
24. Fjánhús og heystæði	46
VATNSDALUR	47
14. Fjánhús eða beitarhús	47
23. Eyðibýli	49
25. Kumlastæði	49
TÁLKNAFJARÐARHREPPUR (4604)	51
SELLÁTUR	51
Fjánhús og fjós?	51
PATREKSFJÖRÐUR	54
Pakkhús, frystihús og íshús	54
Salthús	54
Vélsmiðja	54
Niðurstöður	56
Þakkarorð	56
HEIMILDIR	57

SKRÁNING FORNLEIFA Í RAUÐASANDSHREPPI,

VESTURBYGGÐ

V-BARÐASTRANDARSÝSLU

Aðdragandi

Vestfirðir hafa löngum þótt afskiptir hvað varðar fornleifavörslu og fornleifaskráningu. Þetta sjónarmið á vissulega nokkurn rétt á sér og hefur meginástæðan verið talin fjarlægðin frá höfuðborginni ásamt erfiðum vegasamgöngum á Vestfjörðum. Fáar fornleifarannsóknir hafa farið fram á svæðinu á undanförunum áratugum, þó nefna megi rannsókn á bátkumli í Vatnsdal, Rauðasandshreppi, rannsókn á landnámsbæ á Hrafnseyri við Arnarfjörð og rannsókn á fornum sorphaugum og fornleifaskráningu á Ströndum.¹

Fornleifaskráning er eitt allra brýnasta verkefni fornleifavörslunnar í dag og ekki síst skráning minja sem friðlýstar hafa verið sérstaklega með þinglýsingu, enda eiga þessar minjar að vera úrval þess sem merkast er talið vera í hverju byggðarlagi. Friðlýsingar byggðu hins vegar oftast en ekki á rituðum heimildum eða óskum heimamanna, án þess að fornleifafræðileg skráning eða mat færi fram á viðkomandi stað. Á undanförunum 10-15 árum hafa augu manna smám saman verið að opnast fyrir nauðsyn breyttra og endurbættra vinnubragða í sambandi við fornleifaskráningu og friðlýsingar.²

Árið 1990 fékk undirritaður styrk úr Vísindasjóði til þess að skrá friðlýstar fornleifar á Vestfjörðum, og greina minjagildi þeirra. Ein meginástæða þess að Vestfirðir urðu fyrir valinu var vilji og áhugi til að bæta úr meintu afskiptaleysi sem hefur ríkt um Vestfirskar fornleifar.

Breyttar aðstæður sem fylgdu í kjölfar nýrra þjóðminjalaga árið 1990 urðu hins vegar þess valdandi að ógerlegt var að framfylgja upphaflegri rannsóknaráætlun. Reyndist nauðsynlegt að taka fyrir svæði sem var nær Reykjavík. Borgarfjarðarsýsla varð fyrir valinu og það sumar voru allar friðlýstar fornleifar í þeirri sýslu skráðar.³

Með þjóðminjalögum 1990 var fornleifadeild gert skylt að skrá friðlýstar fornleifar en að undanskildu rannsóknarverkefninu í Borgarfirði hefur skipuleg fornleifaskráning á vegum Þjóðminjasafns legið niðri á árabílinu 1990-1994.

Í júlí 1994 var athygli undirritaðs vakin á merkjum minjastöðum í Rauðasandshreppi, V-Barðastrandarsýslu sem væru óskráðir og jafnvel í hættu vegna framkvæmda, landbrots eða skemmdarverka. Í framhaldi af því vaknaði hugmynd um að ljúka því skráningarverkefni sem hófst árið 1990. Samband var haft við Egil Ólafsson forstöðumann Minjasafnsins á Hnjóti. Honum leist mjög vel á þá hugmynd að skrá fornleifar í Rauðasandshreppi, bauð fram gistingu og fulla aðstoð sína við verkefnið.

¹ Þór Magnússon, 1967:5-32; Guðmundur Ólafsson, 1980:25-73; Thomas Amorosi og Thomas McGovern, 1992.

² Guðmundur Ólafsson, 1983:11; 1986:211; 1991:4.

³ Guðmundur Ólafsson, 1991.



Flugminjasafn Íslands og Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti. Horft til norðurs.

Vegna viðgerðaframkvæmda á Þjóðminjasafnshúsinu þar sem m.a. skrifstofa undirritaðs varð óbyggileg um hríð, gafst færi á að fara í einnar viku skráningarferð til Vestfjarða, eins og til stóð í upphafi, og ljúka þar með því rannsóknarverkefni sem hófst árið 1990 í Borgarfjarðarsýslu. Ákveðið var að skrá minjar í hluta af hinu hinu nýja sveitarfélagi *Vesturbyggð (táknatala 6407)*, þar sem áður hét *Rauðasandshreppur (táknatala 6402)*. Í eftirfarandi skýrslu er greint frá þessari ferð, minjum sem skráðar voru í ferðinni og ályktunum sem draga má af þeim minjum.

Ferðasaga

Laugardagur 20. ágúst 1994.

Þann 20. ágúst var haldið af stað til Patreksfjarðar og tók ferðin allan daginn. Kom að Hnjóti um kvöldið og skoðaði m.a. Flugminjasafnið og Minjasafn Egils Ólafssonar. Þar sem varðveittir eru fjölmargir munir sem hvergi eru til annars staðar á landinu.

Sunnudagur 21. ágúst 1994.

Um morguninn voru minjar í Sauðlauksdal skoðaðar, m.a. akurgerði sr. Björns Halldórssonar og sandvarnargarðinn Ranglát. Eftir hádegi var farið að Hvallátrum, dysin Kárni var skráð og Brunnaverstöð á Hvallátrum skoðuð. Farið var að Látrabjargi og síðan í Seljadal þar sem skráð voru flest mannvirki Selsins í Hvallátrum. Egill Ólafsson var leiðsögumaður í öllum þessum ferðum.

Mánudagur 22. ágúst 1994.

Skráðar voru nokkrar minjar í landi Hnjóts fyrir hádegi. Síðan var farið inn á Patreksfjörð þar sem nýtt dekk var sett undir bílinn. Seinni hluta dags vísaði Egill á gamla bæjarstæðið í Vatnsdal, þar sem allar tættur bæjar, útihúsa og annarra mannvirkja viðkomandi bænum eru enn greinilegar. Einnig var komið við hjá bátkumlinu í Vatnsdal. Þar virtust hellur vera að koma í ljós á nokkuð stóru svæði. Hugsanlega hafa verið fleiri minjar á svæðinu en bátkumlið eitt. Þetta þyrfti að athuga nánar og fylgjast með svæðinu ef ske kynni að blési ofan af áður óþekktum minjum.



Horft yfir Sauðlauksdal. Akurgerði fremst á myndinni. Bæjarstæði, íbúðarhús, kirkja og kirkjugarður í baksýn.

Þriðjudagur 23. ágúst 1994.

Unnið var við skráningu á minjum í Sauðlauksdal fram eftir degi. Seinni part dags var komið við hjá bátukmlinu í Vatnsdal og svæðið skráð lauslega, svo og gamlir matjurtagarðar á Hnjóti.

Miðvikudagur 24. ágúst 1994.

Fór ásamt Agli inn á Patreksfjörð um morguninn til þess að ná í friðlýsingarmerki sem komin voru með vöruflutningabifreið. Skoðuð voru gömul hús á Patreksfirði, m.a. pakkhús, þurrkhús, salthús og vélsmiðja. Þaðan var haldið að Sellátrum í Tálknafirði til þess að skoða og skrá merk fjárhús frá 19. öld sem enn eru uppistandandi og eru sperrurnar rifbein úr hval.

Á leiðinni kom upp bilun í bifreiðinni sem þurfti að lagfæra á Patreksfirði. Síðan var haldið í Sauðlauksdal þar sem friðlýsingarmerki voru sett niður við þær þrjár minjar sem þar eru á friðlýsingarskrá.

Þá voru einnig skráð móhús Sauðlauksdals, beitarhús frá Vatnsdal og nýfundinn forn stekkur á Hnjóti.

Fimmtudagur 25. ágúst 1994.

Um morguninn var farið út í Breiðavík þar sem skráðar voru nokkrar minjar í verstöðinni Breiðavíkurveri. Þar eru minjar svo margar og dreifðar að aðeins voru mæld upp verbúð og fiskgarðar, ásamt naustum sem sjórinn er farinn að brjóta framan af. Staðurinn er á friðlýsingarskrá og voru friðlýsingarmerki sett upp.

Þá var farið í Hvallátur og friðlýstar minjar á Látranesi kannaðar. Friðlýsingarmerki var sett þar upp og einnig við dysina Kárna.

Á Brunnum var búið að rífa steina úr nokkrum gömlum verbúðum sem standa við veginn, hlaða úr sumum grjóttgarð og dreifa öðrum um svæðið. Ljót sár höfðu myndast í verbúðaveggina þar sem steinarnir höfðu verið fjarlægðir. Þetta hefur verið gert fyrir skömmu, því að grasið var ekki enn visnað undir steinunum. Þessar nýju hleðslur og grjótdreifingar voru fjarlægðar og steinunum komið aftur fyrir í verbúðaveggjum.



Hagamannabúð á Hvallátrum, kennd við Haga á Barðaströnd.


Friðlýsingarmerki voru sett upp á tveim stöðum við veginn í verstöðinni.

Refagildra og sauðabyrgi upp á svonefndum Gildruhjalla voru einnig skráð og mæld upp. Að lokum voru skoðaðar tóftaleifar þar í hlíðinni niður við sjóinn, e.t.v. leifar býlis er nefnt var Básar, en ekki vannst tími til að skrá þær minjar frekar.

Föstudagur 26. ágúst 1994.

Haldið var til Reykjavíkur um morguninn. Ferjan Baldur var tekin frá Brjánslæk yfir Breiðafjörð. Á meðan beðið var eftir Baldri var farið inn í Vatnsfjörð og leitað að smiðju Gests Þorleifssonar sem er á friðlýsingarskrá. Hún fannst eftir nokkra leit en ekki vannst tími til að mæla hana upp. Friðlýsingarmerki var á rústinni. Komið var til Reykjavíkur um kvöldið.

Skráðar minjar í
 Rauðasandshreppi (4602)
 og Tálknafjarðarhreppi (4604)
 Guðmundur Ólafsson
 20. - 26. ágúst 1994



Yfirlitskort af Rauðasandshreppi og skráðum minjum.

SKRÁÐAR MINJAR Í RAUÐASANDSHREPPI

Eftirfarandi minjar voru skráðar í Vesturbyggð í þessari rannsóknarferð. Þær eru allar á því svæði sem áður hét Rauðasandshreppur, nema fjárhúsin á Sellátrum sem heyra undir Tálknafjarðarhrepp. Alls er um 31 stað að ræða og var hverjum stað gefið númer. Þar sem margar tættur eru á viðkomandi stað eru þær skráðar á undirnúmer undir einu aðalnúmeri. Á stöku stað eru þó fleiri en eitt númer á hverjum stað:

1. Gamla bæjarstæðið. Sauðlauksdalur.
2. Íbúðarhús sr. Þorvaldar Jakobssonar. Sauðlauksdalur.
3. Fjárhús og hlaða. Sauðlauksdalur.
4. Akurgerði Björns Halldórssonar. Sauðlauksdalur. (4602/6)
5. Kirkja. Sauðlauksdalur.
6. Kirkjugarður. Sauðlauksdalur.
7. Eyðibýlið Neðri Dalshús? Sauðlauksdalur.
8. Útihús. Sauðlauksdalur.
9. Túngarður, Sauðlauksdalur. (4602/7)
10. Sandvarnargarðurinn Ranglátur. Sauðlauksdalur. (4602/5)
11. Traðir. Sauðlauksdalur.
12. Eyðibýlið Leifar? Sauðlauksdalur.
13. Móhús. Sauðlauksdalur.
14. Fjárhús. Vatnsdalur.
15. Hóllinn Kárni. Hvallátur. (4602/2)
16. Kúlureitur. Hvallátur. (4602/3)
17. Brunnaverstöð. Hvallátur. (4602/3)
18. Verstöðin Látranesi. Hvallátur. (4602/4)
19. Selið. Hvallátur.
20. Uppsátur. Hnjótur.
21. Kot? Hnjótur.
22. Beitarhús. Hnjótur.
23. Eyðibýli. Vatnsdalur.
24. Fjárhús og heystæði. Sauðlauksdalur.
25. Kumlastæði. Vatnsdalur.
26. Matjurtagarðar. Hnjótur.
27. Stekkur. Hnjótur.
28. Verstöð. Breiðavík. (4602/1)
29. Refagildra. Hvallátur.
30. Sauðabyrgi. Hvallátur.
31. Eyðibýlið Básar? Hvallátur.

Bæirnir fimm í Rauðasandshreppi sem minjarnar heyra undir eru taldir upp í stafrófsröð og númerin vísa til númera í skráningarbók og á yfirlitskorti. Minjar sem eru á friðlýsingarskrá eru auk þess auðkenndar með tákntölu sveitarfélags 4602 (Rauðasandshreppur) og raðnúmeri.

Lögð var áhersla á að kanna og skrá minjar sem eru á friðlýsingarskrá, en auk þess voru skráðar minjar sem friðlýstar eru samkvæmt núgildandi þjóðminjalögum (þ.e. eldri en 100 ára), þóttu merkar og töldust hafa varðveislugildi. Rétt er að taka fram að um frumskráningu að ræða og því fer fjarni að hér sé um tæmandi skráningu fornleifa að ræða á viðkomandi jörðum. Minjar voru mældar upp með málbandi eða með því að stika þær þar sem því var við komið. Áttir voru merktar inn á allar teikningar samkvæmt segulátt áttavita, án leiðréttingar á misvísun sem mun vera milli 31 - 35°.

BREIÐAVÍK


Í Breiðavík eru eftirfarandi minjar á friðlýsingarskrá:
4602/1 **Naust og verbúðir** í Breiðavíkurverri, syðst í Breiðavík. *Skjal undirritað*: Þ.M. 12/11 1971. *Þinglýst*: 19/11 1971. *Ástæða friðlýsingar*: Merkar sjávarútvegsminjar.



Horft yfir hluta minjasvæðis í Breiðavíkurverri. Fremst er líklega Langagörm, verbúð nr. 21.



Leifar búðar Sigurðar eintóma í Breiðavíkurverri.



Breiðavík
Breiðavíkurver
 G.Ó. 25/8 1994

Naust og verbúðir í Breiðavíkurveri. Rústir nr. 1.1 og 1.2 eru naust. Til vinstri er hluti af sambyggðri verbúð. Herbergi 2.2 er búð Haraldar Ólafssonar. 2.3 var byggt við verbúðina síðar. Flatarteikning G.Ó.

28. Verstöð, Breiðavíkurver. Á 1 - 2 km löngum kafla við ströndina eru miklar leifar af verbúðum, fiskgördum, uppsátrum, naustum, lendingarmerkjum, spilum, saltfiskverunarhúsi, vörum, fiskreitum og skothúsi fyrir tófur. Mannvirki þessi eru flest hlaðin úr grjóti. Sums staðar standa veggir enn í upprunalega hæð, allt að 2 m.

Í Jarðabók 1703 segir að á vorin hafi búendur í Breiðavík legið þarna við búðir. Stundum hafi verið eitt aðtökuskip. Verbúðir séu þar 4 og hafi búendur notað 3 og aðtökuskipið þá fjórðu, sem byggð hafi verið árið í fyrra. Lending er sögð góð.⁴

Vilhjálmsvör er vestast í verstöðinni. Hún er merkt á landakort en á staðnum var ekki alveg ljóst hvar hún hefur verið; e.t.v. er það fremur grýtt vík, þar sem stór þríhyrndur steinn, reistur upp á rönd ofan við víkina, gæti hafa verið lendingarmerki.

Aðeins lítill hluti þessara umfangsmiklu minja voru mældar upp. Það voru tvö samliggjandi naust (1.1 og 1.2) sem sjórinn er að brjóta niður og hluti af nálægri verbúð (2). Einnig var mæld upp verbúð (3), fiskreitur (4) og fiskgarðar (5). Yfirlitskort af svæðinu byggt á loftmyndum og mælingum Gunnars B. Guðmundssonar og Ólafs Guðmundssonar var teiknað af Helga Kristinssyni um 1975-80, og hreinteiknað af Ólöfu Þ. í október 1994. Undirritaður auðkenndi minjarnar með númerum og bætti þeim inn á kortið. Vilhjálmsvör og skotbyrgið eru ekki merkt inn á kortið. Kortið er birt hér með góðfúslegu leyfi Gunnars. Gunnar hefur jafnframt aflað upplýsinga um einstakar verbúðir og minjar í verstöðinni. Um 50° misvísun reyndist vera á milli áttavísunar á korti og vísunar áttavita á staðnum. Þess vegna eru tvær norðuráttir sýndar á kortinu. Þessi mikli mismunur hefur ekki verið skýrður. Í lýsingum hér á eftir er miðað við vísun áttavita eins og annars staðar í skýrslunni. Það er litla ör in á kortinu.


1.1 Naust. Tóftin er hlaðin úr grjóti, að innanmáli um 2 m breið og um 8 m löng. Hún er breiðust um miðjuna og dregst að sér til endanna. Innsti hluti veggjanna er hlaðinn í boga. Þar er tóftin aðeins um 1 m breið. Sjórinn er búinn að brjóta hluta af norður langhlið naustsins, en innri hluti veggjarins er um 1 m hár. Gólfíð í naustinu hallar niður að sjónum og fremst stendur veggurinn enn í um 2 m hæð. Sá veggur er sameiginlegur með 1.2.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín VI, 1938:314.



Naust 1.2 og 1.1 í Breiðavíkurveri. Veggurinn á miðri mynd er um 2 m hár.

- 1.2 Naust.** Samliggjandi tóft 1.1, einnig hlaðin úr grjóti. Tóftin er að innanmáli um 2,5 x 8 m. Hluti þaksins er enn uppistandandi. Þakhallinn virðist hafa verið mjög lítill.
- 28.2 Verbúð.** Fimm sambyggð hús.
- 2.1 Verbúð** Jóns Guðjónssonar, f. 1881.
- 2.2 Verbúð** Haraldar Ólafssonar. Herbergið er 4,5x3 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m á hæð og heilir. Bárújárnsþak er nýlega fallið inn í tóftina. Inngangur er við suðausturhorn herbergisins.
- 2.3 Herbergi,** e.t.v. byggt við hlið 28.2.2 síðar. Það er um 4 x 2 m að innanmáli, en þrengist aðeins inn og er þar aðeins um 1,5 m breitt. Stór grjóthella er yfir dyrum.
- 2.4 Kumbarabúð.** Að baki búðar 2.1 og 2.2.
- 2.5 Eldunarkró** fyrir verbúðina. Ekki var eldað inni í herbergjunum.
- 28.3 Verbúð.** Verbúðin er allvel varðveitt. Veggirnir eru að jafnaði 1,2 m breiðir, hlaðnir úr grjóti eingöngu, og standa í allt að 0,8 m hæð. Innanmál eru 4 x 2 m. Inngangur er á miðri suðurhlið. Að húsabaki er dálítil þúst, um 2 m í þvermál, sem gæti bent til viðbyggingar eða eldra mannvirkis.
- 28.4 Fiskreitir.** Um 16 m langur og 3 m breiður, fimm metrum vestan við verbúð nr. 3. Garðurinn nær alveg niður að sjávarbakka.
- 28.5 Fiskgarðar.** A.m.k. 2 fiskgarðar með um 5 m millibili. Annar er um 4 m langur, hinn um 10 m langur. Breidd garðanna er um 0,5-0,6 m. Garðarnir ná niður að sjávarbakka.
- 28.6 Búðartóft**
- 28.7 Fiskgarðar.** A.m.k. 4 fiskgarðar.



Flatarteikning af verbúð nr. 3, fiskreit nr. 4 og fiskgördum nr. 5. í Breiðavíkurveri.



Verbúð nr. 3 í Breiðavíkurveri.



Horft yfir fiskgarða nr. 8 - 10. Þústirnar í baksýn eru búðir nr. 12, 1 og 2. Minnimerki um Guðmund Bjarna Ólafsson og Harald Ólafsson ber í ljósan sand ofarlega fyrir miðju.

- 28.8 Fiskgarðar.** A.m.k. 2 fiskgarðar.
- 28.9 Fiskgarðar.** A.m.k. 4 - 5 garðar.
- 28.10 Steinbítsgarðar** eða hrýjugarðar (hrýgingargarðar). A.m.k. 9 fiskgarðar
- 28.11 Brunnur,** grafinn af Jóni Guðjónssyni.
- 28.12 Geymsluhús.** Veggir eru heilir. Hornin eru bogadregin að utan. Þakið er torfpak lagt ofan á bárujárn. Húsið var upphaflega reist um aldamótin 1900 og er enn uppistandandi.
- 28.13 Verbúð.** Búð Guðmundar Kristjánssonar.
- 28.14** Búð Sigurðar Guðmundssonar, eintóma.
- 28.15 Verbúð,** svonefnd **Steinbúð** Jóns Guðjónssonar. Reist um 1915-1920. Timburloft var í húsinu. Sofið var uppi og fiskurinn saltaður niðri. Steinsbúð var í notkun fram undir 1950. Síðast voru þar synir Sveins Benjamínssonar, Aðalstein og Sveinn.
- 28.16 Fjárhús.** Bárujárnhús, byggt um miðbik þessarar aldar.
- 28.17 Verbúð.** Líklega búð Gríms Árnasonar og síðar fjárhús.
- 28.18 Lendingamerki,** svonefnt neðra þráðarmerki og bakmerki fyrir þráð. Þau voru notuð til að miða út stefnuna gegnum "þráðinn" vegna lendingar.
- 28.19 Verbúð.**



Geymsluhús nr. 12 í Breiðavíkurvei. Síðast notuð sem fjárhús.

28.20 **Verbúð** Ólafs Ólafssonar, d. 1898.

28.21 **Verbúð**, svonefnd **langagörm**, hlaðin 1910 af Jóni Guðjónssyni, Guðmundi Bjarna Ólafssyni, Sveini Benónýssyni, Haraldi Ólafssyni, og Ólafi Finnboga Ólafssyni. Þarna var geymdur saltfiskur. Síðar var búðin notuð sem fjárhús Guðmundar Bjarna Ólafssonar.

28.22 **Bræðraborg** (Steinbúð) var reist sem vörugeymsla.

28.23 **Leiðarmerki** á Bót.

28.24 **Þráðurinn**. Renna gegnum skerið framan við Kumbara.

Haraldur Ólafsson og Guðmundur Bjarni Ólafsson drukknuðu frá Vestmannaeyjum árið 1926. Minnismerki um þá var sett upp árið 1976.⁵

Skráð 25/8. G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljósmynd 29. Friðlýsingarmerki var sett upp 25/8

⁵ Gunnar B. Guðmundsson, munnlegar upplýsingar.



Skotbyrgi fyrir refaskyttu, við fjörubakkann í Breiðavíkurverri.



Fiskgarðar nr. 9 og 10 í Breiðavíkurverri.


HNJÓTUR



Horft til norðvesturs yfir hrófin í flæðarmálinu.

- 20. Uppsátur.** Um 15 - 20 m undir brekkunni neðan við veginn heim að Hnjóti, á aflíðandi flöt niður við sjóinn undir Hafnarmúla, eru þrjár samliggjandi tættur. Þær snúa opnum gaflum að sjó og liggja til suðausturs upp í hlíðina. SA-gafl tóftanna hefur sennilega verið grafinn inn í hlíðina. Að innanmáli eru þessar tættur hver um sig um 8 m langar og um 2 m breiðar. Þetta eru uppsátur eða hróf. Engar heimildir eru um þessar tættur sem virðast mjög gamlar.
- 20.1 Hróf.** Í austustu tóftinni hafa veggirnir fallið saman inn í tóftina. Austurhlið hennar virðist hafa verið grafinn inn í hlíðina. Ekki sést móta þar fyrir hleðslum, þó að þær geti verið undir yfirborði.
- 20.2 Hróf.** Miðtóftin er greinilegust. Hliðarveggir hennar hafa verið hlaðnir úr grjóti. Jarðfastir steinar virðast hafa verið felldir inn í hleðsluna. Hleðslugrjótið er um 0,3 - 0,5 m stórir steinar.
- 20.3 Hróf.** Vestasta tóftin virðist vera niðurgrafin. Vesturhlið hennar er um 3 m breið og gæti að hluta til verið komin til úr uppmokstri tóftarinnar. Neðst í þessari tóft liggur steinaröð þvert fyrir gaflinn. Þar hefur hugsanlega staðið þil.
Tvö stór björg hafa fallið úr fjallshlíðinni ofan í þessa tóft. Annað hefur stöðvast efst við vesturhliðina, hitt hefur stöðvast neðarlega í miðri tóft.


Skráð 22/8. G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljósm. 2.



Flatarteikning af uppsátrunum þremur.

21. **Þurrabúðarkot?** Þrjár samliggjandi tættur á grasi vaxinni flöt undir Hafnarmúla, um 2,5 m yfir sjávarmáli og um 6 - 7 m frá sjó. Tætturnar eru nokkuð sokknar í jörð og fremur ógreinilegar. Að utarmáli eru þær um 16 m á lengd og um 5,5 m að breidd. Fjórða tóftin er aðskilin frá hinum þremur og er um 6 m sunnan við þær. Fimmta mannvirkið gæti verið brunnur um 23 m austan við hinar tætturnar.

Engar heimildir eru til um þessar tættur, en í jarðatali frá 1845 er minnst á býli sem sagt að hafi verið á milli Hnjóts og Vatnsdals og nefnt er Kryppa.⁶ Ekki er vitað hvort



Flatarteikning af tóftum nr 21. E.t.v. er um að ræða leifar af þurrabúðarkoti?

⁶ J.Johnson, 1847:183.



Horft yfir tóftaleifar nr. 21 á Hnjóti.

Þetta býli var til eða hvar það hefur verið. Getgátur hafa vaknað um hvort hér séu fundnar leifar af því koti, en slíkt verður að telja fremur ólíklegt vegna þess að staðurinn er nokkuð hundruð metrum vestan við Hnjót. Hins vegar er til örnefnið Kryppa, sem er ás austan við Hnjót.

- 21.1 Tóft.** Innanmál tóftarinnar er um 4,5 x 2 m. Í veggjum sést móta fyrir grjóthleðslum á austurhlið. Hrúga af steinum er í tóftinni, en það grjót virðist hafa verið tekið úr veggjahleðslum. Veggjahæð er allt að 0,2 m. Á norður- og suðurgafli sést ekki móta fyrir hleðslum. Grjót hefur hugsanlega verið fjarlæggt úr hleðslum suðurgafils. Einnig er hugsanlegt að timburpil hafi verið á norðurgafli.
- 21.2 Tóft.** Að innanmáli er þessi tóft um 6,5 x 3 m. Útlínur tóftarinnar eru mjög ógreinilegar, en þó mótar óljóst fyrir veggjum. Veggjahæð er aðeins um 0,05 - 0,1 m. Inngangur, rúmlega 1 m breiður, virðist vera austast á norðurhliðinni. Stórt bjarg hefur fallið úr fjallshliðinni og lent við suðausturhorn tóftarinnar.
- 21.3 Tóft.** Innanmál tóftarinnar er um 4 x 2 m. Greinilega sést móta fyrir veggjahleðslum á þrjár hliðar, sem eru allt að 0,3 m háir. Ekki sjást hleðslur þar sem norðurhliðin hefði átt að vera, og gæti þar hafa verið timburpil. Rof er í suðvesturhorn tóftarinnar og þar fyrir innan er stór steinn sem hrúnið hefur úr fjallinu fyrir ofan.
- 21.4 Kofi.** Um 6 m sunnan við framhúsin virðist vera lítill kofi með um 1 m breiðum veggjum. Veggjahæð er 0,2 - 0,3 m. Innanmál hennar er um 2 x 1 m og er inngangur á norðurhlið.
- 21.5 Brunnur.** Um 23 m austan tóftanna er um 1 m breið hola. Lág torfhleðsla virðist hafa verið hlaðið kring um hana á þrjár hliðar. Þarna hefur hugsanlega verið brunnur.


Skráð 22/8. GÓ. Flatarteikning 1:200. Ljós. 3-4.



Horft yfir tóftaleifar nr. 22, svonefndra Múlahúsa, þar sem beitarhús voru á fyrri hluta þessarar aldar. Vegarlóði og brúarstæði eru lengst til hægri.

22. **Beitarhús, svonefnd Múlahús.** Tóftin er fremst á sjávarbakka, á flöt milli brekkuróta og sjávar, vestan við gamlan brúarstöpul göngubrúar undir Hafnarmúla. Stór hluti þessara tófta hefur skemmst í sambandi við vegaframkvæmdir árið 1965, og er nú ekki mikið eftir beitarhúsunum. Af tóftarbrotum sem sýnileg eru virðist utarmál þeirra hafa verið um 16 x 9 m.

Svo virðist þó sem beitarhúsin, sem voru í notkun fram á fyrri hluta þessarar aldar, geti hafa verið reist ofan á eldri minjar, því að nú virðast vera að koma í ljós hellulögð gólf á hluta svæðisins.



Lausleg flatarteikning af leifum Múlahúsa, nr. 22.




Horft til norðurs yfir matjurtagarða á Neteyri.

Í þessum tóftum fundust árið 1966 kvarnarsteinar sem í var höggvið krossmark og stafirnir IH. Þeir eru nú í Minjasafninu á Hnjóti.⁷

Skráð 22/8. GÓ. Lausleg flatarteikning. Ljós. 2.

26. **Kálgarðar** á Neteyri sem er grasi gróin flöt niður við sjó. Garðarnir voru notaðir á árabílinu frá 1910 - 1914 af bændum á Hnjóti. Garðurinn er ferhyrndur og grjóthleðsla markar kálgarðinn sem er um 28 m langur og 18 - 19 m breiður. Hann skiptist niður í 4 hólf. Norður hólfín 2 eru um 1,5 m djúp og virðast einna helst vera grafin niður, þó að hugsanlega hafi blásið sand að garðinum utanverðum þannig að hann sýnist niðurgraffinn. Suðurhliðin er nánast sokkin í sand og stendur aðeins ein steinaröð uppúr.

Hnjótur
Matjurtagarðar
G.Ó. 23/8 1994



Flatarteikning af matjurtagörðum frá byrjun þessarar aldar.

⁷ Egill Ólafsson, munnlegar upplýsingar.




Horft til suðvesturs yfir tóftaleifar nr. 27. Sennilega er um að ræða fornan stekk.

Áformað var að rækta kál og annað grænmeti í þessum garði sem skipt var á milli þriggja bænda á Hnjóti sem áttu og nytjuðu garðinn. Bera átti skít úr fjárhúsum í garðinn, en það skorti mannskap til að fylgja því eftir og ræktun reyndist of erfið á þessum stað. Lagðist ræktun af á þessum stað eftir 2 - 3 ár. Magnús Árnason átti 2 syðstu reitina, Hákon Jónsson átti norðvestur reitinn og Niels Björnsson átti norðaustur reitinn.⁸

Skráð 23/8. G.Ó. Flatarteikning 1:400. Ljósm. 4.

27. **Stekkur.** Í líkili laut við lágur klettanibbur um 100 m suður frá safnahúsi. Tóftin er fremur óljós, um 2,5 m x 2,8 m að innanmáli. Greina má leifar af hleðslum úr grjóti við innri veggjaþrún. Veggjahæð er um 0,3-0,4 m og að utanverðu er efri þrún veggja við jafnsléttu. Á vesturgafli virðist vera inngangur og frá honum um 7 m löng og 0,6 m breið rás til austurs.



Flatarteikning af tóft sem gæti hafa verið gamall stekkur.

⁸ Ólafur Magnússon, munnlegar upplýsingar.

HVALLÁTUR

Hvallátur eru ekki nefndir í Landnámu. Í jarðabókinni 1703 segir að bænhús hafi verið á Látrum en sé fyrir löngu aflagt.⁹ Á Hvallátrum eru eftirfarandi minjar á friðlýsingarskrá:

6402/2 **Hóllinn Kárni**. *Skjal undirritað*: af M.Þ. 25/10 1930. *Þinglýst*: 14/2 1931.

Ástæða friðlýsingar: Talið vera ræningjadysjar.

6402/3 **Dysjar í Kúlureit**, við ystu búðina á Brunnum. **Leifar verbúða og fiskgarða**, svo og önnur forn mannvirki í hinni gömlu Brunnaverstöð. *Skjal undirritað af*: M.Þ. 25/10 1930. *Þinglýst*: 14/2 1931. *Ástæða friðlýsingar*: Talið vera ræningjadysjar. (Hér er Kúlureitur talinn með mannvirkjum verstöðvarinnar og hefur því sama friðlýsingarnúmer).

6402/4 **Verbúðir og fiskgarðar** á Látranesi norðan bæjanna.

15. **Dys**. Hóllinn Kárni, 4602/2, er um 40 cm há og um 7 - 8 m breið nánast hringlaga grasi gróin þúst sem virðist gerð af skeljasandi. Ofan á honum eru 6 - 8 steinar í hrúgu. Hóllinn er 5 - 6 m norðan við veginn, nokkru austan við fiskgarðana sem tilheyra verstöðinni á Brunnum.



Horft yfir hólinn Kárna. Hvallátur í baksýn.



Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924 er eftirfarandi frásögn um hólinn Kárna: Í Hvallátrum er hóll, sem nefndur er *Kárni* og eru lagðir steinar í hring uppi á honum. Í þeim steingarði er varða, sem höfð er fyrir mið á sjó (fiskimið). Í hól þessum, sem er að mestu úr sandi, eiga að vera dysjaðir 50 ræningjar, útlendir.¹⁰

Skráð 21/8. G.Ó. Flatarteikning var dregin upp af hólum í 1:400. Ljós. 2.

⁹ Íslensk fornrit I, 1968; Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938:311.

¹⁰ Matthías Þórðarson, 1924:45.

Hvallátur
Dysin "Kárni"
GÓ. 21/8 1994



16. **Dys?** *Svonefndur Kúlureitur, 4602/3* er í verstöðinni á Brunnum, fast við veginn sem liggur gegnum svæðið, og um 9 m frá sjó. Kúlureitur er um 2 m hár hóll þakinn steinum. Að utánmáli er hann um 11 m, en að lögun er hann nánast eins og fimmhyrningur með ávölum hornum. Að sunnanverðu er hann um 5 m breiður, að norðanverðu um 9 m og 11,3 m breiður um miðjuna. Kúlureitur hefur sennilega verið notaður sem fiskreitir, þ.e. svæði sem fiskur var breiddur á og þurrkaður.

Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður kom í Breiðavík þann 31. júlí 1913. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924 birtist eftirfarandi frásögn hans um Kúlureit:

Í Kúlureit svonefndum, sem er við ystu búðina á Brunnum, eiga aðrir 50 ræningjar að vera dysjaðir. Þar hafa komið mannaþing útir. Ræningjar þessir gengu á land í Hvallátrum og ætluðu að höggva strandhögg; fóru og ráku saman búfje manna. Landsmenn söfnuðust þá saman og vopnuðu sig með hákarlabreddum og öðru, gengu undir bökkum út með sjónum, mölvaðu 3 báta, sem ræningjarnir höfðu komið á í land, og drápu síðan alla ræningjana.¹¹

Ræningjadyssjarnar hafa verið settar í samband við Alsirbúana sem rændu hér við land árið 1627. Ekki munu þó vera heimildir fyrir því að þeir hafi farið norður fyrir Snæfellsnes. Önnur munnmáli telja að þarna séu grafnir Spánverjar sem hafi strandað á Hvallátrum. Sú frásögn gæti hafa orðið til vegna Spánverjavíganna árið 1615. Þeir voru hins vegar drepnir í Dýrafirði en ekki á Brunnum og þeir Spánverjarnir sem ekki voru drepnir, höfðu vetursetu á Vatneyri og fóru utan árið 1616. Enn er því ekki ljóst hverjir eiga að vera grafnir á Brunnum, og án fornleifarannsóknar fæst ekki úr því skorið hvort um grafreit sé að ræða.

Skráð 25/8. G.Ó. Flatarteikning 1:400. Ljós. 8. Friðlýst 1971. Friðlýsingarmerki sett 25/8. 1994.

17. **Verstöð á Brunnum.** *4602/3.* Verstöðin er á um 1 km löngum kafla á ströndinni í krikanum hjá Brunnum. Fjöldi minja er varðveittur í þessari verstöð, fiskgarðar, fiskreitir, leiðarmerki, verbúðir, uppsátur, varir, aflraunasteinar o. fl. Ekki er gerlegt að mæla þessar minjar upp, nema með fullkonnari tækjum en málbandi. Mælingar á þessum stað verða því að bíða betri tíma.

Árið 1703 er greint frá því að verstaða fyrir um 20 skip hafi verið til forna, bæði heima við Látur og á Brunnum. Á Brunnum sé allt eyðilagt af sandi og vatnsleysi og þaðan hafi ekkert skip róið í 80 ár. Álftamýrarkirkja mun hafa átt eina verbúð, Álftamýrabúð, sem sögð er eyðilögð af sandi. Til Brunnaverstöðvar munu Dýrfirðingar, Arnfirðingar og Tálknfirðingar hafa sótt til forna og haft fuglaveiði og egg tolllaust úr Látrabjargi.¹²

¹¹ Matthías Þórðarson, 1924:45-46.

¹² Árni Magnússon og Páll Vídalín VI, 1938:312.




Horft yfir verstöðina að Brunnum. Kúlureitur er fyrir miðju.

Við verstöðina hefur verið komið upp tjaldstæði og salernisaðstöðu fyrir ferðamenn. Ekki verður séð að neinar minjar hafi verið skemmdar við þá framkvæmd. Hins vegar kom í ljós við vettvangskönnun að ferðamenn hafa í sumar rifið steina úr hleðslum verbúðanna til að reisa nýja grjóttveggi. Voru ljót sár í nokkrum verbúðum við veginn. Þessar hleðslur voru fjarlægðar og steinarnir færðir aftur í upprunalegar hleðslur.

Á undanförnum árum hefur verið að blása ofan af mannvirkjum í hlíðinni upp af verbúðunum. Þær minjar hafa verið huldar sandi a.m.k. frá því á 19. öld. Um er að ræða marga fiskgarða og stóra grjóthlaðna rétt sem er um 30-40 m í þvermál.

- 17.1 Fiskgarðar:** Frá Kúlureit liggja fiskgarðar niður að sjó og er allt frá 2 m - 10 m bil á milli þeirra. Garðarnir eru um 0,8 - 1 m breiðir og frá 9 - 16 m langir.
- 17.2 Verbúð** með tveimur herbergjum, um 10 m austan við Kúlureit. Gaflar snúa í austur-vestur.
- 2.1** Innanmál þessa herbergis er um 2 x 4,5 m. Gaflar eru rúmlega 2 m breiðir. Veggjahæð er 0,6 - 0,8 m. Inngangur er á vesturhlíð.
- 2.2** Innanmál þessarar tóftar er um 3 x 6 m. Að innanverður eru veggir allt að 0,5 m háir, en að utanverðu við veginn allt að 1,8 m háir. Úr þessari tóft höfðu allmargir steinar verið teknir til þess að búa til nýja hleðslu við veginn. Ljót sár voru víða í gamalgrónum veggjunum eftir þessa tómstundaiðju ferðamanna. Hið nýja veggjabrot var rifið og steinarnir færðir aftur í upprunalegar hleðslur.
- 17.3. Afraunasteinar:** Tveir afraunasteinar eru í verstöðinni að Brunnum. Sá stærri nefnist Brynjólfstak, kenndur við Brynjólf Eggertsson sem stundaði sjóróðra frá Brunnum. Sagt er að hann hafi fundið steininn niðri í fjöru, brugðið byrðaról um hann og borið upp á Brunnagrund. Steinninn er 281 kg. Minni afraunasteinninn heitir Júdas. Nafngiftin mun vera til komin vegna þess að steinninn tollði ekki í neinni hleðslu.



Yfirlitskort af Kúlureit og nálægum minjum í Brunnaverstöð.



Leifar fiskgarða sem blásið hafa upp, í hliðinni fyrir ofan Brunnaverstöð.


Sú hefð skapaðist um steininn Júdas, að unglingar sem ráðnir voru sem hálfdrættingar fengu fullan hlut ef þeir gátu lyft Júdasi, sem er 130 kg að þyngd.¹³
Skráð 25/8. G.Ó. Ljósm. 5-10. Friðlýst 1971. Friðlýsingarmerki sett upp 25/8. 1994.

¹³ Egill Ólafsson. Munnlegar upplýsingar; Lúðvík Kristjánsson IV 1985:219-122.



Verstöð á Látranesi. Rétt nr 18.4 er fremst á myndinni, fjárhús nr. 18.3 til vinstri, Hvallátur í baksýn.

18. **Verstöð á Látranesi.** 4602/3. Um 600-800 m norður frá bæjunum á Látrum er fjöldi minja. Þar var verstöð frá Hvallátrum. Í Jarðabókinni 1703 segir að enn sé verstaða möguleg á Látrum þó að þar séu nú engar verbúðir. Nú eru m.a. sýnilegar leifar eftir uppsátur, fjárhús, rétt, fiskgarða og fleiri minja. Einnig eru þarna 5 aflraunasteinar.



- 18.1 **Fjárhús.** Mjög vel varðveitt og uppistandandi fjárhús um 50 m frá sjó. (Hörður Agústsson hefur mælt þau upp).



Uppsátur og fjárhús á Látranesi (18.2). Sennilega ekki mjög gömul.



Aflraunasteinar á Látranesi (18.6). Þeir eiga að standa uppá stóra steininum í miðjunni.

- 18.2. Uppsátur.** Fremst á sjávarbakka. Uppistandandi og sennilega ekki mjög gömul.
- 18.3. Fjánhús.** Framarlega á sjávarbakka. Þessi nýlegu fjánhús hafa verið reist ofan á eldri verbúðir.
- 18.4. Rétt** sem stendur fremst á sjávarbakka, um 5 m yfir sjávarmáli. Hlaðin úr stórgrýti. Hún brotnaði í aftakaveðri fyrir nokkrum áratugum.
- 18.5 Fiskgarðar** eru á nesinu utan við fjárhúsin og einnig ofar í fjallshlíðinni.
- 18.6. Afraunasteinar.** Þeir eru fimm á Látranesi. Sá minnsti, Amlóði, er 96 kg, Hálfsterkur er 107 kg, Fullsterkur er 144 kg og Alsterkur er 177 kg. Fimmti steinninn, Klofi, er þar skammt frá.¹⁴
- 18.7. Bjargsigssteinn.** Stór steinn sem notaður var til þess að kenna unglíngum handtök og aðferðir við bjargsig. Þarna æfðu menn sig án þess að hætta til lífi og limum.
Skráð 25/8. G.Ó. Ljósm. 4-6. Friðlýst 1973. Friðlýsingamerki sett upp 25/8. 1994.



Horft yfir Seljadal og hluta seljarústanna við lækinn. Brún Látrabjargs er efst til vinstri.

¹⁴ Egill Ólafsson. Munnlegar upplýsingar; Lúðvík Kristjánsson IV 1985:119-122.



Tóft nr. 19.1 í Seljadal. Efst til vinstri sést í tóft 3.

- 19 Sel á Seljadal.** Selið er ofarlega í Seljadal, við lækjarfarveg. Þar eru miklar og vel varðveittar minjar um seljabúskap fyrri alda. Í raun er um þrjár þyrpingar herbergja að ræða sem standa skammt frá hver annarri. Hver rústaþyrping hefur verið 1 hús með 2 - 4 herbergjum. Í þremur herbergjum eru með útskot inn í vegginn, annað hvort út í horni, eða fyrir miðjum vegg. Þar hefur sennilega verið eldstæði eða ofn.

Flest húsin og réttin hafa staðið sín hvoru megin við læk sem rennur niður dalinn. Í læknum milli húsanna virðist hafa verið eins konar þró þar sem sléttað hefur verið í botninn og steinum raðað fyrir ofan og neðan.


Hverri tóft er gefið skráningarnúmerið 19 auk undirnúmers. Ef tóftin hefur fleiri en eitt herbergi, fær hvert herbergi sérstakt undirnúmer.

- 19.1** Tóft með 3 herbergjum sem tengd eru saman með 5 m löngum og 1 m breiðum göngum. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og vel varðveittir. Þeir virðast víða enn halda fullri hæð sem er um 1 m.
- 1.1** Gengið er inn í herbergið til hægri úr göngunum. Herbergið er um 3 x 2 m að innanmáli. Dyraopið inn í herbergið er enn uppstandandi og er grjóthella yfir því.
- 1.2** Innanmál um 2,5 x 2 m. Mikið hrun úr veggjum og þaki er inn í herberginu.
- 19.2** Tvær samliggjandi tættur. Ekki er innangengt á milli þeirra.
- 2.1** Innanmál 2 x 1,5 m Inngangur er á suðurgafli.
- 2.2** Innanmál 2 x 1,8 m. Lítið útskot er í suðausturhorni herbergisins. Það er um 0,5 m í þvermál og gæti hafa verið eldstæði.




Tóft nr. 2.2. Til vinstri er útskot inn í vegginn, e.t.v. eldstæði. Inngangur er til hægri.

- 2.3 Dálítill laut inn í brekkuna austan við tóftina. Hugsanlega eru einhverjar minjar þarna undir yfirborði þó að ekki sjái móta frekar fyrir þeim á yfirborði.
- 2.4 Laut eða dæld inn í brekkuna austan við tóftina. Hugsanlega leifar af mannvirki.
- 19.3 Tóftabyrping sunnan við lækinn. *miðbar átti þetta sel.*
- 3.1 Innanmál um 3 x 1,8 m. Inngangur er á vesturhlið. Sunnan við tóftina eru 3 m löng göng sem liggja inn í
- 3.2 Tóft sem er um 3 x 2 m að innanmáli.
- 3.3 Innanmál er um 4 x 2 m. Nálægt miðju húsi er grjóthleðsla þvert yfir tóftina. E.t.v. hefur herbergið verið minnkað? Innangengt úr tóft 3.2 og hleðslur veggjanna benda til þess að þetta herbergi hafi verið byggt við hana.
- 3.4 og 3.5 eru leifar tveggja tófta sem eru vestan við 3.1. Þessar tættur eru fremur ógreinilegar virðast vera eldri en 3.1.
- 19.4 Í lækjarfarveginum á milli 19.2 og 19.3 er svæði sem er um 2 x 2 m í þvermál og virðist hafa verið sléttað í botninn. Það afmarkast af steinum bæði að ofanverðu og neðanverðu. E.t.v. hefur þetta verið sléttað af mannavöldum í ákveðnum tilgangi, t.d. við geymslu á mat eða þvotti á ull.
- 19.5 Tvö samsíða herbergi.
- 5.1 Innanmál eru 2,8 x 2 m. Veggir hafa verið hlaðnir úr grjóti. Mikið hrun er í austurhluta herbergisins. Inngangur er syðst á vesturhlið. Í suðausturhorni er innskot í vegginn um 0,5 - 0,6 m í þvermál. Hugsanlega er þetta leifar af eldstæði.



Hvallátur
Selið
GÓ. 21/8 1994



Flatarteikning af tóftum nr. 19 í Seljadal, Hvallátrum. Á teikningu vantar útihús nr. 10, en það er á meðfylgjandi A3 kortblaði.



Horft yfir réttir nr. 6 og nr. 7. Ofarlega til hægri er tóft 5.

- 5.2** Ógreinileg tóft, um 1 m breið og um 2 m löng. Ekki var á yfirborði hægt að sjá að grjót væri í vegg þessa herbergis. Veggirnir lækkuðu til vesturs og eyddust, þannig að ekki er gott að sjá hvar suðurhliðin endar til vesturs. Timburpil virðist hafa verið fyrir vesturgafli.
- 19.6 Rétt**, hlaðin úr grjóti, um 7,5 x 3 m að innanmáli. Hæð veggja er allt að 1 m að innanverðu, en að utanverðu að austan og norðan nemur yfirborð jarðar við efri veggjabrún. Í suðausturhorni er smá skot út úr réttinni. Inngangur er á norðvesturhorni réttarinnar þar sem gengið er niður í hana.
- 19.7 Rétt**, hlaðin úr grjóti, um 5,5 x 3 m að innanmáli. Hún virðist vera yngri en rétt nr. 6 og hlaðin þvert fyrir hana. Vesturhliðin er bogadregin og er inngangur á norðvesturhorni.
- 19.8 Grjótgarður**. Um 6 m langur grjótgarður sem liggur til vesturs frá rétt nr. 7. Hefur hugsanlega verið til þess að beina búpeningi í átt að réttinni.
- 19.9 Tóft** sem er í brekkunni um 50 m norðan við ofanefnda tóftaþyrpingu. Tóftin er hlaðin úr grjóti, um 5 x 2 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 0,6 m háir. Inngangur er á miðri suðurhlið. Útskot er inn í norðurhliðina andspænis inngangi. Það er um 0,8 m í þvermál. Á austurgafli virðist hafa verið gluggi.
- 19.10** Útihús tæplega 100 m vestur frá hinum seljatættunum. Tóftin var ekki mæld upp en hún er tvískipt.
- 10.1** Innanmál þessarar grjóthlöðnu tóftar eru líklega um 5 x 2 m. Inngangur er á miðri vestur-hlið tóftarinnar.
- 10.2** Leifar óljósrar tóftar sem virðist hafa verið við suðurgafli 10.1.



Horft til vesturs yfir tóft nr. 9. Útskot í vegg er neðarlega til hægri. Ofarlega til vinstri sjást útihús nr. 10.

Egill Ólafsson hefur skráð upplýsingar um Selið í Hvallátrum eftir Daníel Ó. Eggertssyni, Kristjáni Sigmundssyni og Guðbjarti Þorgrímssyni, bændum í Hvallátrum. Þessar heimildir eru birtar hér með góðfúslegu Egils:

Flutt var í Selið með allar kýr og allt fráfarufé frá Hvallátrum laugardaginn í 11. viku sumars og heim laugardaginn 19. viku sumars. Út af þessu var ekki brugðið vegna umræðna um álög, ef þetta var ekki gert svona. Mýs þrifust ekki í Selinu. Ekki er vitað af hverju það var, en það voru talin vera álög.

Selráðskonur voru þrjár, ein frá hverjum bæ, Húsabæ, Miðbæ og Heimabæ. Þær sáu um sínar kýr og ær og að matreiða úr mjólk, smjör og skyr. Mjólkinn og skyrið voru sótt daglega í selið.

Húsabær og Heimabær voru saman í húsi, en Miðbær var sér í húsi, þó var sameiginlegt fjós fyrir 4 kýr.

Annar starfi hjá Selráðskonum var að hjálpa til við bjargsig, þar til þær fóru að smala búpeningi til mjóltunar. Þær konur sem fengust við bjargsig fengu sama hlut og karlmenn og færi kona niður fyrir bjargbrún (sigi til eggja eða fýlinga) þá fékk hún 2 hluti eins og karlmaðurinn.


Sami háttur mun hafa verið varðandi sjósókn, kona sem var ráðin háseti fékk sama hlut og karlmaðurinn.

Bændur í Rauðasandshreppi munu hafa verið með fyrstu vinnuveitendum á landinu er greiddu konum sama hlut og körlum fyrir sömu vinnu. Þessi háttur mun hafa verið tekinn upp á seinni hluta 19. aldar.

Seinasta selráðskona í Selinu var Halldóra Gísladóttir, móðir Daníels Eggertssonar í Hvallátrum.¹⁵


Skráð 21/8. G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljósm. 15-20.

¹⁵ Egill Ólafsson, óbirt handrit.



29. **Refagildra.** Þrjár refagildir eru á þessu svæði og er skammt á milli þeirra. Tvær hafa hrunið saman en ein er enn uppistandandi og verður greint frá henni hér. Gildran stendur á klöpp á grýttri flöt á svonefndum gildruhjalla upp af Básam í austanverðu mynna Seljadals. Hún snýr í austur-vestur með inngang í austurenda.

Refagildran er þannig gerð að steinum hefur verið raðað í tvær samsíða raðir, í 2-3 lögum eftir stærð steinanna. Flatar hellur eru lagðar yfir steinaraðirnar og mynda þak. Gildran er um 2,2 m löng. Við opið er hún 0,45 m breið; um 0,6 m breið um miðjuna og 0,55 m breið innst. Opið er 0,15-0,2 m breitt og 0,23 m hátt. Um 1,2 m innan við innganginn er mjór, flatur steinn í þakinu. Honum mun hafa verið lyft upp til að koma æti fyrir í gildrunni, sem haft var í spotta. Skráð 25/8. G.Ó. Flatar- og sniðteikning. Ljós. 2.



Hvallátur
Refagildra
GÓ. 25/8 1994

1 m



Flatar-teikning og snið af refagildru á Gildruhjalla. G.Ó.

30. **Sauðabyrgi**, sem stendur í grýttri brekku uppi í Gildruhjalla. Sagt er að prestar í Sauðlauksdal hafi haft sauði sína hér í geymslu og að sauðamaður hafi hafst hér við. Sauðirnir eiga einhvern tíma allir hafa gengið í sjóinn og að notkun þessa byrgis hafi lagst af eftir það.


Þetta er nokkurs konar rétt, mikið mannvirki um 16 x 10 m að innanmáli. Veggirnir, sem hlaðnir eru úr stórgryti, eru allt að 1,8 m breiðir. Hæð veggjanna er víðast um 0,5 m, en fer alveg upp í 1,5 m.

Lítið byrgi er hlaðið upp að innanverðri austurhlið, um 2,5 m breitt og um 3 m langt að utanmáli.

Fyrir framan innganginn sem er á norðvestur hlið er hlaðin ferhyrnd varða, um 1 m í þvm. og allt að 0,7 m há.


Skráð 25/8. GÓ. Flatar-teikning 1:200. Ljós. 2.

Hvallátur
Sauðabyrgi
GÓ. 25/8 1994



10 m

Flatarteikning af sauðabyrgi á Gildruhjalla. G.Ó.



Vegur

31. **Básar, eyðibýli.** Í hlíðinni fyrir neðan veginn undir Gildruhjalla og upp af Seljavör eru fornar tættur. Ekki er vitað með vissu um hvers konar minjar er að ræða. Hugsanlega er um fornt eyðibýli að ræða sem nefnt var Básar, en ekki skal það fullyrt hér. Þarna er tóft sem er um 6 x 3 m að innanmáli með inngang á miðjum norðurvegg. Hún virðist fremur nýleg, gæti e.t.v. verið verbúð eða fjárhús frá síðustu öld. Undir veggjum þessarar tóftar má greina leifar eldra mannvirkis sem virðist hafa verið helmingi stærra. Rétt ofan við tóftina er stór steinn og undir norðurhlíð hans virðist hafa verið mannvirki, annað hvort kofi eða brunnur. Nokkru vestar er hluti af túngarði. Fleiri minjar, m.a. útihús munu vera á þessu svæði en ekki vannst tími til að kanna svæðið frekar.

Skráð 25/8. G.Ó. Lausleg skissa.

Nokkrar tóftaleifar fyrir neðan veginn upp af Seljavör. Lausleg afstöðuteikning.

SAUÐLAUKSDALUR.



Horft yfir bæjarstæðið í Sauðlauksdal. Íbúðarhúsið er til hægri. Gamla íbúðarhúsið er til vinstri.

Sauðlauksdals eða Sauðlausdals er ekki getið í Landnámu. Í Jarðabókinni 1710 er jarðardýrleiki sagður vera 30 hundruð með hjáleigunum Hærri- og Neðri Dalshúsum. Heimajörðin sjálf sé 20 hundruð.¹⁶ Í jarðatali Johnsens frá 1847 er þess getið að allar hjáleigurnar hafi verið taldar í eyði árið 1805.¹⁷

Sauðlauksdalur er þekktastur fyrir þann tíma er sr. Björn Halldórsson (1724-1794) bjó þar og stundaði m.a. merka garðrækt og vann ýmis brautryðjandastörf á því sviði. Hann var t.d. einna fyrstur manna að rækta kartöflur á Íslandi. Í Sauðlauksdal bjó Eggert Ólafsson á árunum 1760-1764 og vann þar að ferðabók sinni.¹⁸

Í Sauðlauksdal eru eftirfarandi minjar á friðlýsingarskrá.

4602/5 **Sandvörslugarðurinn Ranglátur**

4602/6 **Akurgerði** sr. Björns Halldórssonar.


4602/7 **Vörslugarður**, talinn hlaðinn á dögum sr. Björns Halldórssonar.

¹⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín VI, 1938:325-327.

¹⁷ J. Johnsen, 1847:183.

¹⁸ Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson 4. bindi, 1983:27-29.

Sauðlauksdalur
Bæjarstæði og
Íbúðarhús
Lausleg skissa
G.Ó. 23/8 1994



Lausleg afstöðumynd af gamla bæjarstæðinu og gamla íbúðarhúsinu.

1. **Bæjarstæði** sr. Björns Halldórssonar. Það stóð ofan við veginn, beint á móti gamla íbúðarhúsinu. Sléttað hefur verið yfir allt bæjarstæðið fyrir mörgum árum. Alvarleg mistök munu einnig hafa átt sér stað í sambandi við lagfæringar á veginum heim að staðnum árið 1993, er jarðýta ruddi burt undirstöðum framhúsanna. Þetta eru því alvarlegri spjöll þegar haft er í huga að þarna hefur e.t.v. staðið einn af fyrstu burstabæjum á Íslandi.


Bærinn hefur staðið í nokkrum halla. Nú er aflíðandi 4 -5 m breitt flag upp frá veginum þar sem framhúsin munu hafa staðið. Þar sjást leifar af beinum, postulíni, járnmolum, glerbrotum o. fl. Enn mótár fyrir gaflhlaði bakhúsa, austurhlið, á um 26 m löngum kafla. Norðurhliðin sést einnig að hluta. Hún stendur á bakka lækjar sem rennur vestanvið bæinn.

Skráð 23/8 G.Ó. Lausl. afstöðuteikning án mælikvarða. Ljósm. 2-4.

2. **Íbúðarhús** sr. Þorvalds Jakobssonar. Húsið var reist skömmu eftir aldamót, framan við gamla torfbæinn. Talið er að grjót úr gömlu bæjarhúsunum hafi verið notuð að hluta í nýja íbúðarhúsið. Grjóthlaðin skemma eða bílskúr er við vesturgafliinn hlaðin af Finnboga Rúti Þorvaldssyni, föður Vigdísar Finnbogadóttur.

Húsið er steinhlaðið og límt með þússningu úr skeljasandi. Með skemmunni eru utanmál hússins 16 x 8 m. Veggjahæð er um 2,2 - 2,5 m. Þar fyrir ofan eru gaflarnir klæddir bárujárni. Bárujárnsþak er á húsinu.

Skráð 23/8 G.Ó. Teikning 1:200. Ljósm. 2-5.



Flatarteikning af fjárhúsum og hlaðu nr. 3.

3. **Fjárhús og hlaða**, þar sem hugsanlega stóðu áður Hærri (eða Efri)-Dalshús, hjáleiga frá Sauðlauksdal.

Húsin standa á lágum hól í miðju túni um 100 m suður frá íbúðarhúsinu í Sauðlauksdal.

Að innanmáli er fjárhústóftin um 10 m breið og um 12 m löng. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti. Veggjahæð er um 1 m. Veggjabreidd um 1 m. Húsið virðist hafa verið þrískipt að endilöngu. Hliðarskipin eru 3 m breið. Miðskipið, sem er 4 m breitt, er um 10 - 15 cm lægra en syðra hliðarskipið, en í svipaðri hæð og nyrðra skipið. Þau eru hins vegar aðskilin með steinaröð, um 10 cm hárrí og 30 cm breiðri.

Við enda hússins er niðurgrafin hlaða sem snýr þvert á fjárhúsið. Hún er líka grjóthlaðin, aðeins breiðari en þau, 11,5 m x 3 m að innanmáli. Botn hlaðunnar er um 1 m neðar en gólfíð í fjárhúsinu. Grjóthleðslan sem snýr að hlið fjárhússins virðist hlaðin upp í gólfhæð og ekki hærra. Vestari hluti þessa veggjar er hruninn. Veggjahæð hlaðunnar er annars staðar um 1,5 m há.


Út undan suðvesturhlið fjárhússins eru ójöfnur sem gætu bent til eldri mannvirkja og hugsanlega er tóftin reist ofan á eldri hleðslur.

Skráð 23/8 GÓ. Flatarteikning 1:200. Ljós. 2.

4. **Akurgerði** sr. Björns Halldórssonar, þar sem hann mun hafa stundað einar fyrstu ræktunartilraunir á Íslandi. Gerðið er friðlýst með þinglýsingu 5. nóvember 1973. Það er upp í miðri hlíðinni um 100 - 150 m norður af bæjarhúsum í Sauðlauksdal.

Akurgerðið er grafið inn í brekkuna. Það er nú um 36 x 16 m að innanmáli. Norðurhliðin er grafin niður um 3 m inn í hlíðina. Uppmöksturinn hefur sennilega verið látinn suður fyrir til að stækka stallinn. Að sunnanverðu sést aðeins móta fyrir lágri garðhleðslu. Hún hefur verið sléttuð út að mestu, en vestanmegin er hún um 15 cm há. Austur- og vesturhliðar eru allbrattar og lækka til suðurs.

Lækjarspræna seytlar úr hlíðinni niður að gerðinu, fyrir miðju, en hverfur þar og kemur aftur fram um 20 m fyrir neðan gerðið.



Flatarteikning af Akurgerði sr. Björns Halldórssonar. Fjárhús nr. 24 er ofarlega til hægri.

Nálægt miðju gerði virtist móta óljóst fyrir lágum gördum sem mynduðu ferhyrning, um 4 m að innanmáli. Þessa hefði tæplega verið veitt athygli ef ekki hefði verið sögn um að lystihús Eggerts Ólafssonar hefði staðið inn í akurgerðinu. Farið var með jarðýtu í gerðið um 1970 og þar sléttað undir kartöflugarð. Þá gæti ummál þess og útlit hafa breyst verulega. Af ljósmynd sem tekin var af gerðinu árið 1943 virðist það hafa verið mun grynna en það er í dag. Neðst á norðurhlíð er um 0,6-0,8 m stallur eða bakki. Hann gæti verið vísbending um hversu djúpt jarðýtan fór. Með tilliti til þessa rask er ólíklegt að þarna megi enn sjá móta fyrir leifum lystihússins, en úr því verður tæplega skorið nema með fornleifarannsókn.


Nýbúið er að reisa stóran minnisvarða ofan í garðinn. Grafín hefur verið hola fyrir minnisvarðanum, um 3 m í þvermál. Barðstrendingafélagið stendur fyrir þessari framkvæmd. Ekki var sótt um leyfi hjá fornleifanefnd eða Þjóðminjasafni fyrir því að reisa þetta mannvirki innan í sáðgarðinum. Það virðist því vera um skýrt brot á þjóðminjalögum að ræða. Er þetta uppgötvaðist við vettvangskönnun var haft samband við þjóðminjavörð. Hann fékk loforð aðstandenda minnisvarðans fyrir því að minnismerkið yrði þegar flutt út úr gerðinu. Er þetta er skrifað hefur minnisvarðinn ekki verið færður.

Skráð 23/8 G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljós. 6-8. Friðlýsingamerki sett upp 24/8 1994.

5. **Sauðlauksdalskirkja** Byggð 1863. Hún stendur um 30 - 40 m sunnan og neðan við íbúðarhúsin í Sauðlauksdal. Þetta er bárujárnsklædd timburkirkja, um 10 x 5 m að utanmáli. Á hurðinni hangir dyraringur úr kopar í ljónshaus. Kirkjan var læst og var hún því ekki skoðuð að innanverðu.

Skráð 23/8 G.Ó. Ljós. 4-6.

Sauðlauksdalur
 "Neðri Dalshús"?
 G.Ó. 23/8 1994



Flatarteikning af tóft nr. 7.

6. **Kirkjugarður** er umhverfis kirkjuna. Hann er ferhyrndur, um 38 x 32 m að ummáli. Honum hallar nokkuð til suðurs. Garðinum er falletgur og virðist vel við haldið. Leiðin í honum eru upplaðin, sem gefur honum áhrifamikinn svip. Verið var að leggja gangstétt frá garðshliði að kirkjudyrum.

Skráð 23/8. G.Ó. Ljósm. 6-8.


7. **Útihús**, þar sem talið er að áður hafi staðið Neðri-Dalshús, sem var hjábýli hjá Sauðlauksdal. Tóftin er á lágum hól, neðarlega í túninu, um 200 m suður af kirkjunni í Sauðlauksdal.

Tóftin er um 5 x 3 m að innanmáli. Hún er hlaðin úr grjóti. Veggirnir eru um 1 m breiðir og allt að 0,8 m háir. Þeir eru nú grónir að ofan og utan. Inngangur hefur verið á miðri norður langhlið. Gluggi virðist hafa verið á vesturgafli, um 0,6 m breiður.

Tóftin hefur hugsanlega staðið á eldri tóftum sem hafa verið nokkru stærri en núverandi tóft. Grjóthrúga er við austurgaflinn. Steinaröð um 0,3 m breið og 0,2-0,3 m há liggur niður frá tóftinni um 20-30 m til suðvesturs.

Skráð 23/8 1994. G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljósm. 1.

Sauðlauksdalur
Útihús
 G.Ó. 23/8 1994




Útihús í Sauðlauksdal nr. 8. Flatarteikning.



Horft yfir útihús nr. 8. E.t.v. hafa Efri-Dalshús staðið þarna. Íbúðarhús og kirkja í Sauðlauksdal eru í baksýn.

8. **Útihús.** Efst í túni um 100 m suðaustur af kirkjunni í Sauðlauksdal eru þrjár til fjórar samliggjandi tættur, hver við enda annarrar.
- 8.1 **Tóft.** Austasta tóftin er stærst, um 8 x 3 m að innanmáli. Hún er hlaðin úr grjóti. Veggirnir eru um 1 m breiðir og allt að 0,8 - 1 m háir. Inngangur er á suðurhlið, aðeins til hliðar við miðju.
- 8.2 **Votheysgryfja?** Hringlaga tóft. Að innanverðu er hún um 3 m í þvermál. Enginn inngangur er sýnilegur í þessa tóft og hefur þetta sennilega verið súrheys- eða votheysgryfja. Hún er nú svo gróin að ekki er hægt að sjá hvort veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti, þó að líklegast sé það svo. Dýpt holunnar er um 1 m.
- 8.3 **Tóftarbröt?** Ekki er hægt að greina hvort hér sé um tóft að ræða. Þetta er um 2 m breið geil á milli tóftar 2 og tóftar 4. Hún hækkar inn að miðju þar sem hún nær veggjahæð tóftanna beggja vegna, allt að 1 m á hæð.

8.4



Kofi, um 3 x 2 m að innanmáli. Hann er hlaðinn úr grjóti og snýr gaflí með inngangi fram á hlað. Veggjahæð um 1,1 m. Bárújárnsþak er enn uppistandandi á kofanum. Sperrurnar hafa haft 110° horn og hvíla á staflægjum. Timburþil er á efri hluta gaflanna.

Dverskurðarteikning af kofanum.



Vörslugarður í Sauðlauksdal.

- 8.5 **Púst**, við austurhlið kofans, um 5 x 5 m í þvermál. Hugsanlega hefur þetta verið mykjuhaugur?

Skráð 23/8. G.Ó. Teikning 1:200 og sniðteikning. Ljósm. 3 - 4.

9. **Vörslugarður**, hlaðinn þvert yfir dalinn innan og austan við túnin í Sauðlauksdal. Hann er um 300 - 300 m austan og sunnan við kirkjuna. Sagt er að Björn Halldórsson hafi látið hlaða garðinn einhvern tíma á árabílinu 1750 - 1780.

Garðurinn er hlaðinn úr um 0,4 m stórum steinum. Sandur hefur fokið að garðinum og er hann sums staðar orðinn svo gróinn að ekki sést lengur í steinana. Hann er allt að 1,10 m breiður 0,5 m hár. Hann nær frá Sauðlauksdalsá og upp í miðjar hlíðar beggja vegna dalsins. Samanlögð lengd hans er sennilega um 500-600 m. Kofarústir standa upp að garðinum um 100 m vestur frá ánni.

Skráð 24/8. G.Ó. Ljósm. 2-3. Garðurinn er friðlýstur með þinglýsingu 5. nóvember 1973. Friðlýsingamerki sett upp 24/8. 1994.

10. **Sandvarnagarðurinn 'Ranlátur'**, 4602/5. Sr. Björn Halldórsson lét reisa garðinn einhvern tíma á árabílinu 1750 - 1780, til varnar sandfoki, sem þá ógnaði búskap í Sauðlauksdal. Garðhleðslan var kvöð sem bændur voru ósáttir við og þaðan er nafngiftin komin.

Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti. Hann er um 1 m breiður og um 0,4 m hár. Garðurinn hefur verið fjarlægður á um 20-30 m kafla ofan og neðan við veginn heim að Sauðlauksdal. Fyrir neðan veginn stendur garðurinn hátt upp úr sandinum umhverfis, sem sýnir að landið beggja vegna við hann hefur blásið upp. Lengd garðsins var ekki mæld sérstaklega. Af loftmyndum að dæma er hann um 2-300 m langur.

Skráð 24/8. G.Ó. Ljósm. 1. Friðlýsingamerki sett upp 24/8. 1994.




Ranglátur, til vinstri, liggur í boga niður að Sauðlauksdalsvatni. "Leifar" er þústin lengst til hægri.

11. **Traðir** lágu frá gamla bæjarstæðinu, niður með kirkjugarðinum austanverðum, niður að vatninu. Í dag eru traðirnar horfnar í sand, gróið yfir þær, og sést ekki móta fyrir þeim á yfirborði.

Skráð 24/8. G.Ó.

12.




Þurrabúðarkot. Mannvirki þar sem talið er að áður hafi staðið þurrabúðarkotið **Leifar**¹⁹. Það stendur í uppblásinni hlíð, um 15 m ofan við veginn, um 150 m norðvestur af kirkjunni og um 40 m vestan við sandvörslugarðinn Ranglát.

Sporöskjulaga hóll, um 10 x 5 m að ummáli að ofan. Þar er um 6 x 2 m, og 20 cm djúp laut ofan í hann. Hóllinn er um 5 - 6 m hár með brattar hliðar. Það sem einnig bendir til mannvirkja eru leifar af grjóthleðslu vestast upp í miðjum hól og grjótdreifar þar í kring. Svo virðist sem að hlíðin umhverfis hólinn hafi blásið upp og uppblásturinn stöðvast við hleðslurnar. Ef svo er hefur öll hlíðin einhvern tíma verið í sömu hæð og hóllinn. Nú stendur aðeins lítill hluti þessa húsa eftir á hólnum.


Skráð 23/8. G.Ó. Flatarteikning 1:400 og lausleg sniðteikning. Ljós. 2.

Sauðlauksdalur
"Leifar"


G.Ó. 23/8 1994



¹⁹ Egill Ólafsson. Munnlegar upplýsingar.



Lausleg sniðteikning sýnir hvernig tóftaleifarnar verða eftir eins og eyja í uppblæstrinum.



Flatarteikning af móhúsi í Sauðlauksdal.

13. **Móhús**, (eldiviðargeymsla). Tóftin er í sandhólum um 25 m austan við veg, skammt frá afleggjaranum heim að Sauðlauksdal. Þarna var geymdur mór sem tekinn var í mýrinni norðaustan og neðan við tóftina.

Tóftin er grjóthlaðin, um 3 x 7 m að utanmáli. Hún er full af sandi og vestur- og norðurhliðar eru á kafi í sandi. Veggjabreidd er um 0,7 m og hæð sýnilegra veggja er allt að 1,3 m á austurhlið. Ekki sést móta fyrir inngangi á þeim hliðum sem sýnilegar eru. Sennilega hefur hann verið á norðurgafli.

Skráð 24/8. G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljósm. 2.

24. **Fjánhús og heystæði**. Í hliðinni um 15 m norðvestan við akurgerðið er vel varðveitt fjánhús-tóft, um 4 x 3 m að innanmáli. Efri hlutinn virðist grafinn nokkuð inn í hliðina. Inngangur er á suðurgafli. Veggjahæð inn í tóftinni er um 1 - 1,1 m, en um 0,6 m að utanverðu. Veggir hafa sigið inn og þak fallið niður í tóftina svo að allerfitt er að átta sig á upphaflegri breidd veggjanna.

Við norður-gaflinn er 0,15 m djúp laut, um 2 m í þvermál. Þar hefur sennilega verið heystæði. Um 2 m hæðarmunur er á botni fjárhúss og botni heystæðis. (Sjá teikningu á bls. 39).

Skráð 23/8 1994 G.Ó. Flatarteikning. Ljósm. 1.


VATNSDALUR



Horft til norðausturs yfir fjárhús nr. 14 í Vatnsdal.

14. **Fjárhús eða beitarhús**, eru tvær samhliða tættur, hlaðnar úr grjóti, sem snúa göflum nánast í vestur-austur. Húsin standa á grasi vaxinni flöt undir veginum í fjörunni, um 30 m vestan við Vatnsdalsá.
- 14.1 **Fjárhús**. Nyrðri tóftin er 7 x 3 m að innanmáli. Inngangur er á V-gafla við norðurhliðina. Meðfram suðurhliðinni er jata um 0,3 m breið og 0,4 m há, hlaðin úr grjóti. Hús með jötu við annan vegginn voru kölluð einstæðuhús (Egill Ólafsson, munnnl. heimild). Kjallari eða haughús var sett undir húsið skömmu eftir aldamót. Veggjabreidd er að jafnaði 1 m en er allt að 1,5 m þar sem tóft 14.1 og 14.2 mætast. Veggirnir eru að jafnaði um 1,2 m háir en við S-hlið eru hleðslurnar allt að 1,5 m háar. Tóftin er að byrja að falla inn. Þakið er þegar fallið og liggur ofan í tóftina og veggir summs staðar farnir að gefa sig. Þakið hefur verið sperruþak með 45 gráða halla. A.m.k. ein sperra var úr hvalbeini. Hellur hafa verið í þakinu.
- 14.2 **Hlaða**. Grjóthlaðin tóft um 6 x 2 m að innanmáli. Tóftin er grafin niður um 0,5 m undir yfirborð. Veggjahæð er um 1,8 m að innanverðu við norðurhlið, en lægst við suð-vesturhornið, um 1 m. Sperruþak hefur verið á tóftinni og liggja viðir úr þakgrindinni og þakhellur ofan í tóftinni.

Skráð 24/8. G.Ó. Flatarteikning 1:200. Ljósm. 11.



Flatarteikning af fjárhúsum nr. 14 við Vatnsdalsá



Hlaða. Horft inn um innganginn. Þakviðir hafa fallið inn í í tóftina



Horft yfir rústir gamla eyðibýlisins í Vatnsdal. Gamla íbúðarhúsið sést í baksýn.

23. **Eyðibýli.** Rústir eyðibýlisins Vatnsdals liggja um 80 - 100 m innan við gamla íbúðarhúsið í Vatnsdal.

Stór bæjarrúst sem er um 43 m að lengd og um 9 m breið. Veggir eru úr grjóti og standa í allt að 2 m hæð. Þetta hefur verið burstabær, líklega frá 19. öld. Að öllum líkindum hefur verið hætt að búa á þessum stað þegar nýtt íbúðarhús var byggt í Vatnsdal um aldamótin.


Umhverfis bæinn eru fjölmörg mannvirki sem hafa verið hluti af búskaparháttum síðustu aldar, t.d. túngarðar, kálgarðar, kartöflugarðar, útihús, traðir o.fl. Engar jarðabætur hafa farið fram á þessum stað sem spillt hafa þessum minjum, og hér er því að finna heilstæða mynd af 19. aldar Vestfirsku stórbýli.

Skráð 22/8. G.Ó. Ljósm. 2-4.

25. **Kumlstæði.** Um 40 m austan við Vatnsdalsá, vestan við kartöflu-, eða kálgarð, á sjávarbakka um 10 - 30 m norðan vegar er svæðið þar sem bátkuml var grafið upp árið 1964²⁰. Þetta svæði virðist vera að blása upp og eru nú sýnilegar margar flatar hellur og steinar sem virðast geta verið úr mannvirkjum. Steinar þessir eru á svæði sem er um 17 x 18 m að ummáli. Hellurnar liggja flatar, eins og þær væru í gólfi. Ekki er gott að segja hvort um gólf sé að ræða eða hvort þær hafi lent í svipaðri hæð vegna uppblásturs. Ekki er heldur útilokað að þetta séu hellur úr kumlinu. En e.t.v er um að ræða leifar af fornu mannvirki sem getur hafa verið í tengslum við kumlið. Með þessu þyrfti að fylgjast og athuga hvort eitthvað nýtt kemur í ljós þarna á næstunni.

Skráð 23/8. G.Ó. Lausl. flatarteikn. 1:400. Ljósm. 2-4.

²⁰ Þór Magnússon, 1967:5-32.



Flatarteikning af kumlastæðinu í Vatnsdal.



Horft yfir hluta af grjótdreif við kumlastæðið í Vatnsdal.

TÁLKNAFJARÐARHREPPUR (4604)

SELLÁTUR.



Gamalt fjárhús á Sellátrum. Íbúðarhúsið sést í baksýn.



Farið var að Sellátrum í Tálknafirði, þó að þeir væri utan eiginlegs skráningarsvæðis, og þar var mælt upp mjög merkilegt fjárhús og fjós sem er um 80 m vestur af íbúðarhúsi sem þar stendur nú. Fjárhúsið stendur enn uppi, og er mér vitanlega eina uppistandandi húsið á Íslandi í dag, sem viðað er þaksperrum úr hvalbeini og klætt grjóthellum. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti, um 1,2 - 1,6 m að hæð. Suðurhliðin er um 1 m á breidd og er inngangur þar nálægt miðju. Vestan megin í innganginum að innanverðu er jarðfastur steinn um 0,9 m í þvermál sem húsið hefur verið byggt upp að. Norðurhliðin er allt að 2 m breidd, sem stafar sennilega af því að fjósið er byggt að upp að því þar.

Inngangurinn er um 0,8 m breiddur og liggur aðeins skáhallt inn í húsið. Þakið er flatt yfir dyrunum og eru tvö burðartré þar yfir, annað við ytri brún og hitt við innri brún. Hæð inngangs er 1,1 m.

Þaksperrur eru fjórar talsins. Breidd fjárhússins virðist markast af stærð hvalbeinanna. Það er 1,2 m breitt við austurgafli, en um 1,6 m við austurgafli. Húsið er 4 m að lengd.

Eins og áður sagði hvílir þakið á 4 rifbeinum úr hval. Bogi rifbeinanna myndar hvelfingu, þannig að fyrir miðju húsi er um 1,6 m lofthæð í húsinu. Rifin ganga þvert yfir húsið og standa á steinum sem eru sín hvoru megin við innganginn, og síðan 0,2 - 0,4 m frá göflum hússins. Ofan á hvalbeininum liggja þrjú langbönd eftir húsinu endilöngu. Minni fjalir liggja frá hvalbeininum við gaflana út á gafflveggina, einkum við austurgafli þar sem eru 5 slíka fjalir.

Ofan á langböndin hafa verið lagðar hellur. Fjórar hellur þarf til að ná yfir þakið. Ofan á hellunum er torf. Þakið er farið að láta á sjá og hefur myndast gat í það að austanverðu, þar sem hellurnar hafa sigið niður.



Sellátur
Fjánhús
GÓ. 24/8 1994

Flatar- og sniðteikning af fjárhúsi á Sellátrum.



Horft upp í þakið inn í fjárhúsinu. Hvalbeinin hvíla á veggjumum. Jatan er til hægri.

Jata er við norðurhliðina á húsinu. Hún hvílir á 0,2 m háum og um 0,4 m breiðum stelli, hlöðnum úr grjóti. Ofan á honum er trégrind fyrir framan. Tvær stoðir lágu úr jötunni upp í þakið með 1 m millibili, beint inn af inngangi.

Fjós? Að baki fjárhússins er tóft sem hugsanlega hefur verið fjós og er gengið inn í það við austurgafli fjárhúss. Innanmál þess eru 5 m að lengd og 2,2 m við austurgafli en aðeins breiðara, eða 2,8 m við vesturgafli. Veggjahæð er um 1 m og veggjabreidd er að jafnaði 1 m, nema við austurgafli sem er allt að 2 m breiður.

Heystæði. Vestan við fjósið, að baki fjárhússins er heystæði, um 2,5 x 4 m að ummáli. Hornið á því markast af stórum jarðföstum steini. Það stendur um 0,2 m hærra en yfirborðið þar hjá.

Skráð 24/8. G.Ó. Flatarteikning og sniðteikning 1:100. Ljós. 20.

Á Sellátrum eru fleiri tættur sem ekki voru skráðar þessu sinni. Í aðfangaskrá Minjasafnsins á Hnjóti er frá því greint að Jón bóndi Halldórsson bóndi á Sellátrum hafi höggvið eftirfarandi ártöl á stóra steina í byggingum á bæ sínum.

Fjárrétt: 1809; hlöðuveggur: 1922; annar hlöðuveggur: 1840. Á jarðfastan stein fyrir framan verbúðirnar á Sellátrum hefur hann höggvið stafina MDCCCXI.²¹

²¹ Egill Ólafsson, 1973:53.

PATREKSFJÖRÐUR



Gamlir löndunarkranar á Patreksfirði.

Á Patreksfirði voru skoðuð nokkur gömul hús sem undirritaður telur að ástæða væri til að varðveita.

Pakkhús, frystihús og íshús var sameiginlega í einni byggingu sem reist var árið 1897 af P. J. Thorsteinssyni. Húsið rúmaði 500 tonn af ís sem tekinn var úr vatninu. Frystihúsið rúmaði um 200 tonn af síld. Um er að ræða stórt timburhús, mjög illa farið. Bárújárnsklæðning er víða farin utan af húsinu, einkum á langhlið sem snýr að götunni, svo að það er nánast opið fyrir veðri og vindum. Einnig býður þetta heim hættu á skemmdarverkum. Sumarið 1899 var **verbúðarskúr**, sem rúmaði 30-40 manns, byggður við húsið. Þessi skúr er horfinn. Að baki pakkhússins og áfast því er **þurrkhús**. Það mun vera fyrsta saltfiskþurrkhús landsins, byggt 1906. Kolaofn var notaður til að þurrka fiskinn.²² Bæði þessi hús væri full ástæða til að gera upp og yrðu þau án efa bæjarprýði.

Salthús með hallandi útstæðum veggjum. Það var byggt upp úr aldamótum úr svonefndum Oddahúsum, sem voru þá sameinuð undir eitt þak.²³

Vélsmiðja. Reist af Ólafi Jóhannessyni sennilega á bilinu 1930-1940. Vélarnar voru keyptar gamlar frá Vestmannaeyjum.²⁴

²² Guðjón Friðriksson, 1973:100-101.

²³ Guðjón Friðriksson, 1973:101.


²⁴ Egill Ólafsson, munnlegar upplýsingar.



Horft inn í gamla pakkhúsið á Patreksfirði.



Þurrkhúsið með turni, að baki gamla pakkhússins á Patreksfirði.



Salthúsið á Patreksfirði.

Þess má geta að neðarlega á Vatneyrarodda var frægt **völundarhús**, hlaðið úr grjóti og mosa af frönskum fiskimanni á síðustu öld. Sást móta fyrir hleðslunum á fyrri hluta þessarar aldar.²⁵

Niðurstöður

Vettvangskönnunin leiddi í ljós að einstakar fornleifar og heil minjasvæði virðast hafa varðveist óvenju vel á þessu svæði, og að enn eru til staðar aðilar sem geta bent á merka staði og veitt um þá upplýsingar. Á þeim stutta tíma sem undirritaður hafði til umráða varð ljóst að þarna á svæðinu er að finna mikinn fjölda ótrúlega vel varðveittra minja frá liðnum öldum sem bíða þess að verða skráðar. Vonandi getur þetta verkefni orðið kveikja að umfangsmeira skráningarátaki á Vestfjörðum.

Allar þinglýstu minjarnar eru merkilegar og er full ástæða til varðveita þær áfram. Þetta á líka við um akurgerðið í Sauðlauksdal. Enda þótt því hafi verið stórlega spilt er það einstök heimild um hugsjónir og þróunarstarfsemi framfararmanns á 17. öld .

Þakkarorð.

Höfundur skýrslu þakkar Vísindasjóði fyrir styrkveitingu sem gerði þetta skráningarverkefni mögulegt. Einnig fá Ragnheiður Magnúsdóttir húsfreyja og Egill Ólafsson í Hnjóti sérstakar þakkir fyrir gestrisni, leiðsögn og margs konar aðstoð. Án leiðsagnar Egils og þekkingar, sem hann miðlaði fúslega af, hefði rannsóknin orðið margfalt rýrari en raun ber vitni.

²⁵ Guðjón Friðriksson, 1975:78.

HEIMILDIR.

- Amorosi, Thomas og McGovern, Thomas 1992. *Archaeological investigations inn Arneshreppur. Northwest Iceland: A Preliminary Report of Results of the 1990 Field Season of the Icelandic Paleoeconomy Project.* New York. Ljósrit.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Sjötta bindi. Kaupmannahöfn.
- Egill Ólafsson 1973. *Minjasöfn Egils Ólafssonar Hnjóti.* Flokkaskrá, aðfangaskrá, mannanafnaskrá. Handrit.
- Guðjón Friðriksson 1973. Upphaf þorps á Patreksfirði. Ársrit sögufélags Ísfirðinga 1973. Bls. 88 -143. Ísafirði.
- Guðjón Friðriksson 1975. Upphaf þorps á Patreksfirði. Síðari hluti. Ársrit sögufélags Ísfirðinga 1974. Bls. 65 -110. Ísafirði.
- Guðmundur Ólafsson 1980. Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979.* Bls. 25-73. Reykjavík.
- Guðmundur Ólafsson 1983. Fornleifaskráning. *Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins 1/83.* 1.tbl. 4. árg. Bls. 11-14. Kópavogur. Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins.
- Guðmundur Ólafsson 1986. Fornleifaskráning í Reykjavík. *Landnám Ingólfs 3.* Bls. 211-218. Reykjavík.
- Guðmundur Ólafsson 1991. *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu.* Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1989:I. Ljósrit.
- Guðmundur Ólafsson 1991. Fornleifaskráning og fornleifavernd. *Sveitarstjórnarmál.* 2. tbl. Bls. 80-82. Reykjavík.
- Íslensk fornrit I 1968. *Landnámabók.* Reykjavík
- J.Johnsen 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn.
- Kálund, P. E. Kristian 1985. *Íslenskir sögustaðir II.* Vestfirðingafjórðungur. Reykjavík.
- Lúðvík Kristjánsson 1982. *Íslenskir sjávarhættir II.* Reykjavík.
- Lúðvík Kristjánsson 1985. *Íslenskir sjávarhættir IV.* Reykjavík.
- Matthías Þórðarson 1924. Ræningjadysjar í Hvallátrum og á Brunnum. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924.* Bls. 45-46. Reykjavík.
- Orrí Vésteinsson og Adolf Friðriksson 1994. *Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyja-fjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár.* Minjasafnið á Akureyri. Ljósrit.
- Þorsteinn Jóseppson, Steindór Steindórsson 1983. *Landið Pitt Ísland.* Reykjavík.
- Þór Magnússon 1967. Bátukml í Vatnsdal. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1966.* Bls. 5-32. Reykjavík.

Reykjavík 30. desember 1994. (Enduskoðað og aukið 15/3 1995).

Guðmundur Ólafsson
Deildarstjóri fornleifadeildar